

# **RJÚKANDA VIRKJUN Í SNÆFELLSBÆ, ENDURNÝJUN OG STÆKKUN**

## **Ákvörðun um matsskyldu**

### **NIÐURSTAÐA**

Skipulagsstofnun telur ljóst að helstu neikvæðu áhrif fyrirhugaðra framkvæmda verði annars vegar á framkvæmdatíma vegna rasks, einkum við lagningu þrýstipípu um 1,5 km leið frá inntaksstíflu að stöðvarhúsi og hins vegar á rekstrartíma vegna minnkandi rennslis í Fossá, sem koma mun m.a. fram í breyttri ásýnd fossins Rjúkanda og Sjávarfoss. Ásýndarbreytingar verða talsvert neikvæðar en um er að ræða afturkræf áhrif þar sem fossbrúnum verður ekki raskað.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu og umsagnir. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að endurnýjun og stækkun Rjúkandavirkjunar í Fossá við Ólafsvík sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Snæfellsbæjar skv. skipulagslögum nr. 123/2010, byggingarleyfi sveitarfélagsins skv. mannvirkjalögum nr. 160/2010 og starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Vesturlands skv. reglugerð nr. 785/1999 um atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Áður en framkvæmdaleyfi er veitt þarf að liggja fyrir staðfest breyting á Aðalskipulagi Snæfellsbæjar 1995-2015, Ólafsvík og deiliskipulag Rjúkandavirkjunar.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að framkvæmdaraðili og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 23. ágúst 2011.

20. júlí 2011

## INNGANGUR

Þann 9. júní 2011 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Verkfræðistofu Norðurlands f.h. Orkusölnunnar um fyrirhugaða endurnýjun og breytingu á Rjúkandavirkjun við Ólafsvík, samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 13a í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Snæfellsbæjar, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Vesturlands, Orkustofnunar og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Snæfellsbæ með bréfi dags. 13. júlí 2011, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 19. júlí 2011, Heilbrigðiseftirliti Vesturlands með tölvubrési dags. 6. júlí 2011, Orkustofnun með bréfi dags. 4. júlí 2011 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 5. júlí 2011.

## FRAMLÖGD GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

**Fyrirhuguð framkvæmd.** Um er að ræða endurnýjun Rjúkandavirkjunar í Fossá við Ólafsvík og stækkun hennar úr 970 kW í 1800 kW. Fram kemur í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila að við núverandi aðstæður sé virkjað rennsli um 0,7 m<sup>3</sup>/s, fallhæð 187 m og uppsett afl 970 kW. Inntaksstífla virkjunarinnar, sem sé skammt ofan við fossinn Rjúkanda neðan ármóta Fossár og Gerðubergsár, sé um 30 m löng og 4 m há þungastífla úr járnbentri steinsteypu og sé rúmtak hennar 240 m<sup>3</sup>. Þrýstipípa frá inntaksstíflu að stöðvarhúsi sé um 1,4 km löng, breidd yfirfalls sé 8,0 m og stærð lóns 3500 m<sup>2</sup>. Fram kemur að stöðvarhús Rjúkandavirkjunar sé um 170 m<sup>2</sup> og virkjunin sé tengd dreifikerfi RARIK með 19 kV háspennustreng. Frárennsli virkjunarinnar sé um steiptan stökk út fyrir vegg stöðvarhússins, síðan um 40 m langa pípu og þaðan um 150 m langan opinn skurð sem sameinist Hvalsá og sé sameiginlegur farvegur þeirra um 230 m langur „skurður“ til sjávar.

Fram kemur að við fyrirhugaðar framkvæmdir verði núverandi stífla hækkuð um 1m, inntak verði stækkað og ný rist smíðuð. Tilgangur stífluhækkunar sé að bæta inntak og auka þannig rekstraröryggi, en ekki að auka miðlun sem við núverandi aðstæður sé óveruleg. Fram kemur að flatarmál inntakslóns sé um 3.500 m<sup>2</sup> við núverandi aðstæður en verði um 4.500 m<sup>2</sup> eftir hækkun stíflu. Núverandi þrýstipípa verði fjarlægð og ný, um 750-800 mm pípa að þvermáli lögð á sama stað. Hún verði niðurgrafin nema þar sem hún liggja um klettabelti eins og við núverandi aðstæður. Breidd framkvæmdasvæðis (rasksvæðis) meðfram pípu, þ.e. skurðstæði, slóði fyrir flutning pípu og haugsvæði fyrir uppgröft úr skurði verði víðast um 15 m, en geti farið í um 20 – 25 m á stuttum köflum. Gert sé ráð fyrir að mestallt efni til jarðvegsskipta í skurði, um 3.000 m<sup>3</sup>, fái úr lónstæði virkjunarinnar og sé þar um að ræða efni sem sem þurfi að hreinsa úr lóninu. Fram kemur að ef nægilegt efni fái ekki úr lóninu verði það sótt í nærliggjandi námur við Enni og við Breið. Gert sé ráð fyrir því að halda til haga efsta lagi jarðvegs og jafna aftur yfir svæðið og bera í áburð til að flýta fyrir því að svæðið jafni sig og aðlagist umhverfi sínu. Áburðargjöf verði síðan endurtekin ef þess verði talin þörf. Fram kemur að slóði verði lagður meðfram pípustæðinu milli stíflu og brúnar klettabeltis ofan stöðvarhúss, en nauðsynlegt sé að komast að pípustæðinu á nokkrum stöðum og sé gert ráð fyrir að nota slóðir eða hjólför sem séu til staðar. Um sé að ræða um 4-5 m breiða, 350 – 400 m langa slóða og sé ekki gert ráð fyrir að byggja slóðana upp, þó líklega þurfi að lagfæra þá á stöku

stað. Fram kemur að engar útlitsbreytingar verði á stöðvarhúsi en frárennslispípa verði stækkuð eða önnur pípa lögð meðfram þeirri sem fyrir er.

Fram kemur að virkjunin sé að hluta innan svæðis á náttúruminjaskrá. Talið sé að bein sjónræn áhrif af stækkun virkjunarinnar verði lítil þó að stækkun verði á lóni og ný pípa verði lögð í eldra pípustæði. Ásýnd svæðisins eftir frágang verði þannig svipuð og við núverandi aðstæður en helstu áhrifin verði á ásýnd árinna og fossa sem njóti sérstakrar verndar og skuli forðast röskun þeirra eins og kostur sé samkvæmt 37. grein laga um náttúruvernd. Fossum verði ekki raskað en áin verði oft vatnsminni sem nemur auknu virkjuðu vatnsmagni (0,4 m<sup>3</sup>/s) og þar með fossar hennar svo sem Sjávarfoss og Rjúkandi. Áhrif á vatnsrennslis árinna séu hins vegar afturkræf. Fram kemur að ný þrýstipípa muni liggja um lítt gróna og ógróna mela en gróður sé fyrst og fremst í afmörkuðum lægðum á milli en hvorki sé um að ræða kjarr- eða votlendi. Þó að lónstæðið muni stækka um 1000 m<sup>2</sup> séu bakkar umhverfis það brattir og lítið grónir. Bein áhrif muni einskorðast nær alfarið við svæði sem áður hafi verið raskað og sé talið að áhrif á gróður verði óveruleg. Fram kemur að mikið fuglalíf sé á utanverðu Snæfellsnesi en engar fuglatalningar hafi farið fram á eða við rasksvæðið samkvæmt upplýsingum Náttúrustofu Vesturlands. Áhrif á fuglalíf felist fyrst og fremst í truflunum á framkvæmdatíma auk beinna áhrif af völdum rasks við framkvæmdir við stíflu- og pípustæði. Framkvæmdir í pípustæðinu verði utan varptíma og að frágangi loknum verði svæðið sambærilegt að gæðum sem varpland og við núverandi aðstæður. Fram kemur að engin fornleifaskráning hafi farið fram en haft hafi verið samband við Fornleifavernd ríkisins og fornleifafræðingur verði fenginn til að skoða rasksvæðið áður en sótt verði um framkvæmdaleyfi ef Fornleifavernd telji ástæðu til.

## ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

**Almennt.** Í umsögnum Snæfellsbæjar, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Vesturlands, Orkustofnunar og Umhverfisstofnunar kemur fram það álit að fyrirhugaðar framkvæmdir skuli ekki háðar mati á umhverfisáhrifum.

Í umsögnum Umhverfisstofnunar, Orkustofnunar og Snæfellsbæjar kemur fram að helstu umhverfisáhrif séu vegna minnkandi rennslis í Fossá á ásýnd fossa en bent á að þessi áhrif séu afturkræf. Fornleifavernd bendir á í umsögn sinni að þar sem ekki hafi farið fram fornleifaskráning muni starfsmaður Fornleifaverndar ríkisins skoða fyrirhugað framkvæmdasvæði. Komi fornleifar í ljós, sem talið verði að fyrirhugaðar framkvæmdir geti raskað, mun stofnunin setja fram kröfur um mótvægisáðgerðir vegna þeirra.

## NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða endurbyggingu og stækkun Rjúkandavirkjunar í Fossá við Ólafsvík. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 13a í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Skipulagsstofnun telur ljóst að helstu neikvæðu áhrif fyrirhugaðra framkvæmda verði annars vegar á framkvæmdatíma vegna rasks, einkum við lagningu þrýstipípu um 1,5 km leið frá inntakstíflu að stöðvarhúsi og hins vegar á rekstrartíma vegna minnkandi rennslis í Fossá, sem koma mun m.a. fram í breyttri ásýnd fossins Rjúkanda og

Sjávarfoss. Skipulagsstofnun tekur undir það sem fram kemur í umsögn Umhverfisstofnunar að fyrirhugaðar framkvæmdir komi til með að hafa talsverð neikvæð áhrif á ásýnd fossanna hluta ársins en ekki verður um rask á fossbrúnunum sjálfum og áhrifin því afturkræf. Stofnunin telur að óhjákvæmilega verði nokkuð neikvæð sjónræn áhrif og áhrif á gróður á meðan á lagningu þrýstipípu stendur vegna rasks við skurðgröft og vegna lagningu slóða en telur að þegar til lengri tíma litið verði neikvæð áhrif ekki veruleg í ljósi þeirra frágangaðgerða sem kynntar eru í greinargerð. Þannig er ráðgert að afmá slóða og varðveita efsta lag jarðvegs til að nýta við frágang og bera í áburð til að flýta fyrir því að svæðið jafni sig og aðlagist umhverfi sínu. Skipulagsstofnun telur að áhrif á fugla séu ekki líklega til að verða veruleg að því gefnu að framkvæmdir í pípustæðinu verði utan varptíma. Þá telur Skipulagsstofnun ekki líklegt að framkvæmdir við stækkun muni hafa neikvæð áhrif á fornleifar í ljósi fyrirbyggjandi upplýsinga. Fyrir liggur að starfsmaður Fornleifaverndar ríkisins mun skoða fyrirhugað framkvæmdasvæði m.t.t. fornleifa, áður en að til framkvæmda kemur og setja fram kröfur um hugsanlegar mótvægisáðgerðir ef fornleifar finnast sem geta orðið fyrir raski. Skipulagsstofnun leggur áherslu á að farið verði eftir þeim mótvægisáðgerðum sem stofnunin kann að setja fram vegna fornleifanna.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu og umsagnir. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að endurnýjun og stækkun Rjúkandavirkjunar í Fossá við Ólafsvík sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Snæfellsbæjar skv. skipulagslögum nr. 123/2010, byggingarleyfi sveitarfélagsins skv. mannvirkjalögum nr. 160/2010 og starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Vesturlands skv. reglugerð nr. 785/1999 um atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Áður en framkvæmdaleyfi er veitt þarf að liggja fyrir staðfest breyting á Aðalskipulagi Snæfellsbæjar 1995-2015, Ólafsvík og deiliskipulag Rjúkandavirkjunar.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að framkvæmdaraðili og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 23. ágúst 2011.

Rut Kristinsdóttir

Jakob Gunnarsson

